

## GJALDSKRÁ

### fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Vesturbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarfélagið Vesturbyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 776/2003 um fráveitur í Vesturbyggð.

#### 2. gr.

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengjast fráveitu í eigu Vesturbyggðar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir á hverja tengingu:

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Grunngjald</i>	<i>m<sup>3</sup>-gjald</i>	<i>Athugasemd</i>
A. Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	74.125 kr.	50 kr.	af umfram 400 m <sup>3</sup>
B. Iðnaðar-, atvinnu- og annað húsnæði	98.833 kr.	50 kr.	af umfram 400 m <sup>3</sup>

Stofngjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, 141,0 stig í nóvember 2018 og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

#### 3. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Vesturbyggð eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem fráveita hefur verið lögð í ber að greiða árlegt fráveitugjald til sveitarsjóðs.

Upphæð fráveitugjaldsins ákvarðast af bæjarstjórn Vesturbyggðar árlega við álagningu fasteignagjalda og er nú 0,40% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða og 0,40% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiddast ekki fráveitugjöld.

#### 4. gr.

Fráveitugjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið nýtur aðfararheimildar skv. 3. ml. 16. gr. laga nr. 9/2009, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni gjaldskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar getur samþykkt að fella niður eða lækka fráveitugjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 4. mgr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

#### 6. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist það með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Vesturbyggð nr. 1132/2017.

*Vesturbyggð, 12. desember 2018.*

**Rebekka Hilmarsdóttir** bæjarstjóri.